

Fundur í stjórn UÍA haldin á Egilsstöðum þann 30.04.2019

Kl. 17:45

Mættir eru: Benedikt Jónsson, Ester Sigurðardóttir, Gunnar Gunnarsson, Gunnar Gunnarson, Pálína Margeirsdóttir og Auður Vala Gunnarsdóttir.

- Fundargerð síðasta fundar samþykkt með dúndrandi lófaklappi með smávægilegum breytingum.

- **Skipun nýrrar stjórnar:**

Tillaga um að Benedikt Jónsson taki við sem gjaldkeri. Samþykkt með dúndrandi lófaklappi og miklum fagnaðarlátum.

Tillaga um að Pálína Margeirsdóttir taki við sem ritari/varaformaður. Samþykkt.

- **Innsend erindi:**

- Askur bogfímifélag óskar eftir aðild að UÍA. Framkvæmdarstjóra falið að kalla eftir félagaskrá og öðrum gögnum.

- **Sumarstarfsmaður**

Búið er að ráða sumarstarfsmann sem mun hefja störf um miðjan Maí.

- **Skýrsla skrifstofu**

- **Bólholtsbikar**

Sex lið hófu leik á mótinu en eitt dró sig úr keppni. Höttur ungir voru meistarar. Heilt yfir heppnaðist bikarinn mjög vel.

- **Árspaning UÍA 2019**

Undirbúningur gekk vel og þingið sjálft heppnaðist prýðilega.

- UÍA tekur þátt í samstarfi við ME og Írsk samtök. Sótt var um ungliðaskiptaverkefni. Og Stefnt er að því að halda það árið 2020. Hildur Bergsdóttir fer fyrir þessu verkefni.
- Úthlutun úr spretti: Stefnt er að því að halda vinnufund eftir að umsóknarfrestur fyrir vorúthlutun hefur runnið út. Þar sem farið verður yfir reglurnarsjóðsins og hvort gera þurfi einhverjar breytingar á þeim. Unnið er að því að fá inn nýjan aðila í úthlutunarnefnd.

- Viðburðir sumarsins
- Sumarhátíð verður haldin aðra helgina í Júlí.
- Landsmót 50+ á Norfirði
- Tour de Ormurinn. Byrjað er að huga að styrktaraðilum.
- Farandþjálfun.
- Launaflsbikarinn

- ÍSí þing

GG og GG fara fyrir hönd UÍA. Farið var yfir tillögur sem liggja fyrir á þinginu og þær ræddar af stjórn.

- Kynningarmál

Umræður um kynningarmál. Rætt var um umbætur á heimasíðunni og facebook síðu samtakanna.

Stefnt að næsta fundi Mánudaginn 20 Maí 2019. klukkan 17:30 að staðartíma.

Fleira ekki gert og fundi slitið 20:01

Fundargerð ritaði Benedikt Jónsson